

## Yfirlit yfir sérgreinar vegna mats á óformlegu námi einstaklinga í umönnunarstörfum

Sérgreinar .....60 ein

Heilbrigðisfræði	HBF 103	3 ein
Hjúkrunarfræði bókleg	HJÚ 103, 203, 303 403 503	15 ein
Hjúkrunarfræði verkleg	HJV 103	3 ein
Líffæra- og lífeðlisfræði	LOL 103, 203	6 ein
Líkamsbeiting	LÍB 101	1 ein
Lyfjafræði	LYF 103	3 ein
Næringarfræði	NÆR 103	3 ein
Sálfræði	SÁL 123	3 ein
Siðfræði	SIÐ 102	2 ein
Sjúkdómafræði	SJÚ 103, 203	6 ein
Skyndihjálp	SKY 101	1 ein
Sýklafræði	SÝK 103	3 ein
Upplýsingatækni	UTN 103	3 ein
Vinnustaðanám		8 ein

Vinnustaðanamið fer fram á bráðadeildum og sérdeildum eða sérhæfðum heilbrigðisstofnunum og er ólaunað.

Með bráðadeildum er átt við hvers kyns móttökudeildir á sjúkrahúsum (bráðamóttökudeildir geðdeilda, hjúkrunarheimili fyrir aldraða, skurðlækninga-og lyflækningadeildir og endurhæfingadeildir, auk almennra skurðlækninga-og lyflækningadeilda)

Með sérdeildum er átt við geðdeildir, hjúkrunarheimili fyrir aldraða, barnadeildir, endurhæfingadeildir, sambýli fyrir fatlaða og aldraða og heimahjúkrun heilsugæslustöðva.

VIN102 Vinnustaðanám á bráðadeild I

VIN 202 Vinnustaðanám á bráðadeild II

VIN 302 Vinnustaðanám á sérdeild I

VIN 402 Vinnustaðanám á sérdeild/sérhæfðri stofnun II

Hægt er að taka vinnustaðanamið í hvaða röð sem er og ræðst það af starfsreynslu nemenda.

### Áfangalýsingar fyrir vinnustaðanám

#### VIN102 Vinnustaðanám á bráðadeild I

##### Meginmarkmið

Að nemandi öðlist færni í samskiptum við sjúklinga og náí leikni í hjúkrun bráðveikra, fullorðinna sjúklinga. Að nemandi sýni sjálfstæði í starfi ásamt hæfni í tengingu bóklegra og verklegra þátta.

### **Áfangalýsing**

Vinnustaðanámið fer fram á hand- og lyflækningadeildum eða almennu sjúkrahúsi. Náms tíminn er 10 átta klukkustunda vaktir í áfanganum. Sjúkraliði eða hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi halda dagbók og fylla út gátlista um unnin störf á vinnustaðnum

### **VIN 202 Vinnustaðanám á bráðadeild II**

#### **Meginmarkmið**

Að nemandi öðlist færni í samskiptum við sjúklinga og nái leikni í hjúkrun bráðveikra, fullorðinna sjúklinga. Að nemandi sýni sjálfstæði í starfi ásamt hæfni í tengingu bóklegra og verklegra þátta.

### **Áfangalýsing**

Vinnustaðanámið fer fram á móttökudeildum LSH eða annarra almennra sjúkrahúsa. Náms tíminn er 10 átta klukkustunda vaktir í áfanganum. Sjúkraliði eða hjúkrunarfræðingur og deildarstjóri bera sameiginlega ábyrgð á verklegu námi sjúkraliðanema. Nemandi fylgir leiðbeinanda við öll almenn störf sjúkraliða. Í upphafi tímabils setur nemandi sér persónuleg og fagleg markmið um verknámið. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi halda dagbók og fylla út gátlista um unnin störf á vinnustaðnum.

### **VIN 302 Vinnustaðanám á sérdeild I**

#### **Meginmarkmið**

Að nemandi öðlist þekkingu á starfsemi sérdeilda og/eða sérhæfðra heilbrigðisstofnana og þeirri hjúkrun og sem þar er veitt. Að nemandi sýni sjálfstæði í starfi ásamt hæfni í tengingu bóklegra og verklegra þátta.

### **Áfangalýsing**

Verknám fer fram á sérdeildum svo sem barnadeild, endurhæfingardeild, geðdeild, heilsugæslu eða kvennadeild. Náms tíminn er 10 átta klukkustunda vaktir á önn. Nemandi setur sér persónuleg markmið í upphafi verknámstímabils um væntingar til verknámsins. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi halda dagbók og fylla út gátlista um unnin störf á vinnustaðnum.

### **VIN 402 Vinnustaðanám á sérdeild/ sérhæfðri stofnun II**

#### **Meginmarkmið**

Að nemandi öðlist þekkingu á starfsemi sérdeilda og/eða sérhæfðra heilbrigðisstofnana og þeirri hjúkrun sem þar er veitt. Að nemandi sýni sjálfstæði í starfi ásamt hæfni í tengingu bóklegra og verklegra þátta.

### **Áfangalýsing**

Verknám fer fram á sérdeildum eða sérhæfðri stofnun svo sem hjúkrunarheimilum fyrir aldraða, endurhæfingardeildum, heimahjúkrun eða sambýlum fyrir fatlaða. Náms tími er 10 átta klukkustunda vakt á önn. Nemandi setur sér persónuleg markmið í upphafi verknámstímabils um væntingar til verknámsins. Á meðan á verknámi stendur skal nemandi halda dagbók og fylla út gátlista um unnin störf á vinnustaðnum.